

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð um stuðningslán, nr. 534/2020.

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í umsókn skal tilgreina þann láns- og endurgreiðslutíma sem sótt er um, sbr. 1. mgr. 8. gr.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lánastofnun getur veitt stuðningslán til lengri tíma en tveggja og hálfis árs, eða framlengt lántíma umfram tvö og hálf ári, og krafist lengri endurgreiðslutíma en eins árs. Lántími stuðningsláns sem ríkissjóður ábyrgist að fullu má þó ekki verða lengri en fimm og hálf ári og endurgreiðslur þess skulu hefjast eigi síðar en þremur árum frá því að lán er veitt. Lántími stuðningsláns með 85% ábyrgð ríkissjóðs má ekki verða lengri en sjö ár og endurgreiðslur þess skulu hefjast eigi síðar en þremur og hálfu ári frá því að lán er veitt.

Stuðningslán, að meðtöldum vöxtum, skal endurgreitt með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á endurgreiðslutíma skv. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 13. gr. og 24. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 23. október 2023.*

**Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Guðrún Þorleifsdóttir.*